

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 20/2018
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs Liljar Mór Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Netfundur Dags: 20. nóv. 2018 Frá kl. 20:00 Til kl. 20:30
Fjarverandi: Jón Egill Hafsteinsson (JEH) formaður upplýsingaráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	Fundargerðir síðasta fundar Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	KÓ
10	3	Fjármál 1. Úfljótswatn. Viðhaldsframkvæmdir, salurinn og eldhúsið í JB verður tekið í gegn. Bókanir fyrir vorið og sumarið 2019 eru mjög góðar. Samningagerð við Reykjavíkurborg um skólabúðir er í vinnslu. 2. 9 mánaða uppgjör frá Úfljótswatni er í vinnslu.	AGS/KÓ
20	4	Stjórnsýsla 1. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun BÍS og ráða 2019. Undirbúningur fyrir starfsáætlunarfund sem verður í fyrstu viku desember. Gert er ráð fyrir að stjórnarmeðlimir hitti ráðin sín fyrir þann fund og komi með tillögur og hugmyndir.	Allir
	5	Viðburðir og fræðsla 1. 1. des ganga Fjallganga með fána 1. desember. Fullveldisdagurinn, 1. desember, er sá dagur sem Danmörk viðurkenndi að Ísland væri fullvalda og frjálst ríki! Íslenski fáninn var í fyrsta sinn dreginn að húni sem fullgildur þjóðfáni 1. desember 1918. Til að minnast þess að 100 ár eru síðan	KÓ

		<p>Þessi viðburður átti sér stað ætla skátar á Íslandi að flagga íslenska fánanum 1. desember n.k.</p> <p>Skátaflokkar um land allt eru hvattrir til að finna stað í sínu nærumhverfi t.d. hól, hæð eða fjall og flagga þar þjóðfánanum okkar. Með þessu viljum við minnst þessa dags og gera það úti í okkar fallegu náttúru. Við hvetjum alla til að taka myndir af þessum viðburði og merkja með #skatarnirflagga</p> <p>Flaggað á Esju</p> <p>Samhliða þessu ætla rekka- og róverskátar að ganga með stóra flaggstöng upp á Esju og flagga þar íslenska fánanum. Gangan verður að morgni laugardagsins 1. desember og björgunarsveit verður með í för til að tryggja öryggi okkar.</p>	
15	6	<p>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</p> <p>1. Heimasíður BÍS.</p> <p>MM hitti upplýsingaráð og línur skýrðar með verkefni og forgangsröðun ráðsins. Margrethe Grønvold Friis erindreki mun koma að vinnu við heimasíðu og kynningarmál ásamt Óskari Eiríkssyni (ÓE) í upplýsingaráði.</p> <p>Tvist auglýsingastofa verður einnig með í ráðum til að fá heildarmynd á ímynd og heimasíðu.</p>	MM
	7	<p>Starfsmannamál</p> <p>Ekki tekið fyrir.</p>	KÓ
	8	<p>Farið hringinn: Ekki tekið fyrir.</p>	
	9	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> Skátaping 2019. Umgjörð skátapings og veisluhalda á laugardagskvöldinu rædd. Pei auglýsing á forsíðu skráningarkerfisins Nóra. Erindi barst um að þar er ennþá að finna auglýsingu fyrir þjónustu smálánafyrirtækis sem heitir „pei“. Það er mjög óviðeigandi og Skátamiðstöðin mun skoða málið og vinna að því að losna við þessa auglýsingu. Samstarf við Skátagildin. Er í vinnslu. Deila google calender með skátafélögnum: Stefnt er að því að auglýsa google calender í Þriðjudagspósti og á Skátamálum þannig skátafélög geti nýtt sér það við skipulag viðburða. Það minnkar hættu á því að sameiginlegir viðburðir skarist um of. Fundur með Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. BLB og Sigurgeir B Þórisson erindreki fara á fund með forsvarsmönnum sviðsins til að heyra hvað er í boði hjá ungmennaráðum í borginni. Tengja tvær síður á facebook „Skátar á Íslandi“ við „Skátarnir“. Er í vinnslu. Vinnubækur fyrir öll aldursbil í anda forsetamerkisbókanna. Það er í vinnslu og komið hefur í 	<p>KÓ</p> <p>KÓ</p> <p>MM</p> <p>KÓ</p> <p>BLB</p> <p>LMP</p> <p>HÓV</p>

	<p>ljós að þörf er á betri tengingu merkja við verkefni hjá hverju aldursbili. Ákveðið að halda áfram með hugmyndir um heildarmynd.</p> <p>8. Samningur við MMR. Er í vinnslu, búið að senda gögn til ráðuneytisins og gert ráð fyrir því að gengið verði frá samningi í kringum næstu mánaðamót.</p> <p>9. Dróttskátar á skátamót í Bretlandi. Svanir ásamt nokkrum öðrum skátafélögum hafa unnið vel að dagskrá fyrir dróttskáta og er mikill hugur í skátunum. Nokkur skátafélög ætla að fara með dróttskáta á skátamót í Charwood í Bretlandi sumarið 2019.</p> <p>Þetta er sjálfsprottinn viðburður og stjórn BÍS sér ekkert því til fyrirstöðu að ferðin verði farin og að hægt verði að nýta skráningarkerfið Nóra fyrir viðburðinn. Gert er ráð fyrir að öllum reglum um foringja, samstarf við foreldra/ forráðamenn og leyfi frá þeim fyrir dróttskátana verði fylgt eftir.</p>	MM/KÓ
		LMP
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:35	